



Umboðsmaður barna
Salvör Nordal
Kringlunni 1, 5. hæð
103 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2022
Tilv.: MRN22030167/8.3

Vísað er til erindis umboðsmanns barna dags. 23. mars 2022 þar sem óskað er eftir upplýsingum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu um hvort fyrirhugað sé að taka upp fyrirkomulag þol- og hlaupaprófa í grunnskólum. Þá er óskað eftir því að mennta- og barnamálaráðuneytið beini þeim fyrirætlunum til skóla að hverfa frá notkun slíkra prófaðferða sem samkvæmt erindinu „ganga þvert á markmið aðalnámskrár, um að styrkja sjálfsmynd barna og hvetja þau til markvissrar hreyfingar og þátttöku.“

Heilbrigði og velferð er einn af grunnþáttum í skólastarfi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Heilbrigði byggir á þáttum eins og andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan – sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Með markvissri og fjölbreyttri hreyfipjálfun í grunnskólum er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda og heilsuefningu og líkamsrækt til lífstíðar. Auk almenna hlutans í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 fylgja níu kaflar um greinasvið grunnskólans. Einn hinna níu kafla fjallar um lykilhæfni þvert á öll greinasvið, sérstakur kaflar fjallar um skólaíþróttir. Í greinasviði skólaíþróttar er fjallað um kennsluhætti og námsmat að teknu tilliti til þeirra áherslna sem birtast í hæfniviðmiðunum. Í aðalnámskránni er tekið fram að mikilvægt sé að leggja fyrir nemendur verkefni sem efla líkamlega þætti svo sem þol.

Í aðalnámskránni eru einnig sett fram matsviðmið við lok grunnskóla bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Í skólaíþróttum eru sett fram þrenns konar lýsandi matsviðmið við lok grunnskóla, A,B og C, þar sem í A komi m.a. fram að nemandi geti framkvæmt mjög vel allar sundaðferðir og hafi mjög gott þol í sundi og hlaupi. Sýni mjög góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og mjög góða samhæfingu liðleika, leikni og úthald í æfingum.

Í aðalnámskránni er ekki gerð krafa um ákveðnar kennsluaðferðir eða námsmatsaðferðir og velja kennarar á grundvelli hæfniviðmiða kennsluaðferðir, námsefni og námsmatsaðferðir. Ætlast er til að hver skóli semji skólanámskrá þar sem hann gerir grein fyrir hvernig skólinn nýtir svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita, þ.m.t. með hvaða hætti námsmat fer fram. Margir íþróttakennarar kjósa að nota svokölluð píp-test til að meta þol nemenda, en það er eins og áður segir, ekki skylt samkvæmt aðalnámskrá.

